

21. ARSPÍNG KÖRFUKNATTLÉIKSSAMBANDS ÍSLANDS

1. - 2. maí 1981

P I N G G E R Ð

1. Þingsetning.

1. Fráfarandi formaður sambandsins Stefán Ingólfsson setti þingið með ræðu. Hann bauð fundarmenn velkomna og þá sérstaklega Svein Björnsson forseta ÍSÍ. Hann drap m.a. á að 17. þingið hefði verið stefnumarkandi í sögu íslensks körfuknattleiks vegna samþykktar um að opna íslenskan körfubolta fyrir erlendum leikmönnum og vegna breytinga á deildarskiptingu sem þá var ákveðin. Þrátt fyrir að þessar breytingar hefðu lagt grundvöll að þeim öra vexti sem hefði verið í körfubolta síðan, taldi hann þessar breytingar þó vera orsakir þeirra vandamála sem erfiðust reyndust okkur sl. vetur, sem eru vaxandi fjárbörf KKÍ og félaganna og aukin þörf á fræðslu og menntun innan sambandsins. Einnig lýsti hann ánægju sinni með árangur landsliðsins, og nauðsyn þess að samræma störf þess og úrvals-deildarinnar, þannig að besti mögulegi árangur náist á báðum "vigstöðvum". Einnig færði hann samstarfsmönnum í stjórn þakkir og sérstaklega framkvæmdastjóra KKÍ, Erni Andréssyni, fyrir þá ósérhlífni og dugnað sem hann hefur sýnt í störfum sínum fyrir KKÍ.

2. Starfsmenn þingsins voru tilnefndir:

Sveinn Björnsson þingforseti fyrri dag
Hermann Guðmundss. " seinni "
Margrét Eiríksdóttir ritari

3. Kosnar fastar nefndir.

Kjörbréfanefnd:

Helgi Ágústsson
Gylfi Kristjánsson
Hörður Tuliníus

Fjárhagsnefnd:

Kristinn Guðnason
Þórdís Kristjánsdóttir
Agnar Friðriksson

Laga- og leikreglnanefnd:

Kristinn Magnússon
Sig. V. Halldórsson
Stefán Bjarkason

Allsherjarnefnd:

Kolbrún Jónsdóttir
Steinn Sveinsson
Torfi Magnússon

Kjörnefnd:

Helgi Bjarnason
Björgvin Schram
Halldór Halldórsson

4. Skýrsla fráfarandi stjórnar.

Stefán Ingólfsson gerði grein fyrir skýrslu stjórnar sem lögð hafði verið fram fjöldituð ásamt skýrslum fastanefnda sambandsins. Hann hvatti einnig menn til að láta ekki hugfallast þótt lægð hefði verið í aðsókn á körfuboltaleiki vetrarins, og fordæmdi Reykjavíkurfélögin fyrir skammarlega slælega þátttöku þeirra manna í námskeiðum vetrarins. Þá ræddi hann einnig frábæran árangur karlalandsliðsins og lýsti ánægju með brautryðjendaframtak SÍS gagnvart íslenskum körfuknattleik. Sömuleiðis lofaði hann fyrirgreiðslu nokkurra nágrannasveitarfélaga Reykjavíkur í sambandi við Polar Cup unglings, en lýsti vonbrigðum sínum með reykvískt framtak í þeim málum. Að lokum þakkaði hann Einari Bollasyni fyrir vel unnin störf og harmaði lélega þátttöku í námskeiðahaldi því sem hann ætlaði að ljá krafta sína.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins.

Kristinn Guðnason lagði fram endurskoðaða reikninga KKÍ, sem voru fjöldritaðir og dreift til fundarmanna.

Hörður Túliníus tók til máls og spurði um gjöld vegna erlendra leikmanna, þar sem þeir hefðu allir verið ólöglegir. Fór hann fram á niðurfellingu gjalda þessara fyrir Þórs hönd, þar sem Þór hefði fallið í aðra deild vegna þessa máls.

Þá tók til máls Einar Bollason sem lýsti ánægju sinni með að sambandið hefði komið jákvætt út úr vetrinum 3 ja árið í röð og benti á að sér fyndist ástæða til sérstaks fundar um unglingamál KKÍ.

Stefán Ingólfsson sté í pontu og svaraði fyrst fyrirspurn Harðar Túliníusar. Sagði hann marga erlenda leikmenn hafa leikið

fyrstu leikina ólöglega, en taldi það vera vegna ókunnug-leika forráðamanna á nýsamþykktum reglum um erlenda leikmenn, og benti á að svo væri einnig um nýja forráðamenn Þórs.

Hann harmaði hve Þórsmenn hefðu orðið illa úti. Einnig vakti hann athygli á frábærri frammistöðu Hauka í yngri flokkunum þar sem þeir hefðu unnið helming titlanna í Íslandsmótinu.

Hörður Túliníus steig í pontu og þar fram nýja túlkun á SÍS, það væri "Sjálfsagt að Ísland sigri".

Gylfi Kristjánsson kom með fyrirspurn hverjar séu skyldur KKÍ gagnvart veru erlendra leikmanna hér. Vill hann að KKÍ sjái um að athuga feril þeirra hjá FIBA.

Sveinn Björnsson þingforseti svaraði Gylfa og sagði að eftir umfjöllun um erlenda leikmenn hjá KKÍ þyrfti að sækja um leyfi fyrir þá hjá ÍSÍ, en félögin sjálf hefðu tilkynningaskyldu gagnvart FIBA. Einnig sagði hann að ÍSÍ hefði fengið bréf frá KKÍ um erlenda leikmenn eftir að mótt voru hafin og hefðu þeir samþykkt alla leikmenn. Einnig þakkaði hann Stefáni og starfsmönnum stjórnar KKÍ ágætt samstarf fyrir hönd ÍSÍ. Sömuleiðis lýsti hann ánægju sinni með að fjárhagur KKÍ hefði verið jákvæður 3 ja árið í röð og þakkaði ágæta ársskýrslu. Í sambandi við fjárhaginn, vísaði hann til skýrslu frá Sænska íþróttasambandinu, þar sem þeir lýsa yfir að þeir þurfi að draga saman seglin vegna minni styrks en beðið var um frá sænska ríkinu, þótt sá styrkur skipti milljörðum sænskra króna. Síðan ítrekaði hann þakklæti sitt við starfsmenn KKÍ og dómarar.

Kristbjörn Albertsson svaraði Gylfa Kristjánssyni og kvað hann hafa varpað fram spurningu er hann vissi svar við.

Félögin eigi sjálf að tilkynna leikmenn til FIBA, en benti enn-fremur á að það hefði ekki verið gert til þessa, til að losna við gjald það er greiða þarf til FIBA, sem er umtalsvert.

Reikningar sambandsins voru samþykktir samhljóða.

6. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lá ekki fyrir og farið var fram á frest til næsta dags, sem var samþykkt einróma.

Þingfulltrúar voru eftirtaldir:

Frá ÍBR: Steinn Sveinsson

Þórarinn Sveinsson
Margrét B. Eiríksdóttir

Stefán Ingólfsson
Ríkharður Hrafnkelsson
Torfi Magnússon
Kristján Ágústsson
Kristinn Magnússon
Þórdís Anna Kristjánsdóttir
Bjarni G. Sveinsson
Kolbrún Jónsdóttir
Halldór Halldórsson
Sigurður V. Halldórsson
Þorsteinn Hallgrímsson
Sigmar Karlsson
Agnar Friðriksson
Björgvin Schram
Helgi Ágústsson
Guðmundur Ólafsson
Einar Bollason
Eiríkur Jóhannesson
Sigurjón Sigurðsson
Steinn L. Björnsson
Ágúst Líndal
Carsten Kristinsson
Guðjón Kristjánsson
Jón Otti Ólafsson
Gunnar Jóakimsson

Frá Körfuknattleiksráði Akureyrar:

Guðmundur Þorsteinsson
Hörður Túlinius
Gylfi Kristjánsson
Erna Túlinius
Birna Blöndal

Frá ÍBH: Eiríkur Skarphéðinsson
Ásgrimur Ingólfsson
Kristinn Guðnason
Sigurbergur Sveinsson
Rúnar Brynjólfsson
Ingvar Jónsson

Frá UMSB: Helgi Bjarnason

Frá Íþróttabandalagi Suðurnesja:

Guðni Ölvesson
Magnús Valgeirsson
Kristbjörn Albertsson
Halldór Ingvason
Björn Birgisson
Ólafur Jóhannsson
Hreinn Þorkelsson
Stefán Bjarkason
Hilmar Hafsteinsson

7. Eftirtaldir gerðu grein fyrir skýrslum nefnda:

Örn Andrésson, mótanefndar,

Kristinn Magnússon, nefndar til eflingar körfuknattleiks kvenna, Kristbjörn Albertsson, dómaranefndar, hann vakti athygli á að vegna hækkunar aldurshámarks í 2. flokki karla væri dóm-gæsla orðin mjög erfið. Þetta væri vandamál fyrir félögin, þar sem dómaranefnd raðaði ekki dómurum á þessa leiki.

Einar Bollason gerði grein fyrir skýrslu landsliðsnefndar í fjarveru landsliðsnefndarmanna.

8. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem borist höfðu.

Stefán Ingólfsson gerði grein fyrir breytingartillögum stjórnarinnar, en þeim hafði áður verið dreift vélrituðum meðal fundargesta.

9. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist höfðu til stjórnarinnar.

Engar aðrar tillögur höfðu borist og var því gert hlé á þing-inu til næsta dags.

Eitt kjörbréf hafði borist of seint frá ÍBR um Atla Arason. Var það tekið til umfjöllunar og samþykkt.

10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.

Allsherjarnefnd:

Sveinn Sveinsson hafði orð fyrir allsherjarnefnd.

Eftirfarandi tillögur lágu fyrir þinginu frá nefnd sem KKI skipaði til eflingar körfuknattleiks kvenna á Íslandi:

1. Stjórn KKÍ skal gangast fyrir hraðmóti í körfuknattleik fyrir 3. aldursflokk kvenna.
2. Stjórn KKÍ skal gangast fyrir hraðmótið í körfuknattleik fyrir meistaraflokk kvenna og fá til þess móts tvö erlend félagslið, reynist þess nokkur kostur.
3. 21. Körfuknattleiksþing samþykkir að veita kr. 10.000 til alþjóðlegs hraðmóts fyrir meistaraflokk kvenna.

Nefndin hafði endursamið tillögurnar og lagði þær fyrir á þennan hátt:

1. Stjórn KKÍ skal gangast fyrir hraðmóti í körfuknattleik fyrir 3. aldursflokk kvenna. Stjórnin sendi út, fyrir byrjun næsta keppnistímabils, bréf til allra félaga um tilboð til að halda slikt móti.
2. 21. Körfuknattleiksþing samþykkir að veita kr. 10.000, til alþjóðlegs móts fyrir meistaraflokk kvenna. Þingið skipi 3. manna nefnd til að skipuleggja og sjá um mótið.

Tillaga: Kristinn Magnússon
Gunnar Gunnarsson
Þórunn Rafnar.

Einar Bollason tók þá til máls og varaði við kosningu Gunnars Gunnarssonar, þar sem hann óttasist að Gunnar hefði tekið að sér það mörg önnur verkefni að hann hefði ekki tíma til að sinna þessu. Hann benti á Sigurð Hjörleifsson í hans stað.

Báðar tillögur samþykktar samhljóða.

Fjárhagsnefnd:

Kristinn Guðnason gerði grein fyrir störfum fjárhagsnefndar.
Nefndin lagði til:

1. Þátttökugjöld.	
Úrvalsdeild	kr. 2.500.-
1.deild kv. og k.	- 1.500.-
2.deild kv. og k.	- 1.000.-
Aðrir flokkar	- 600.-
Bikarkeppni meistaraf. fl.	750.-
Bikarkeppni yngri fl.	450.-

Þátttökugjöld í bikarkeppni hækki með vísitölu vöru og þjónustu.

2. Dómaralaun.

Dómaralaun síðasta árs hækki með vísitölu vöru og þjónustu.

Skipting dómaralauna:

50% til dómara

25% til dómaranefndar

25% til dómaranámskeiða

3. Fjárhagsáætlun KKÍ 1981-1982

TEKJUR

Þátttaka í Íslandsmóti	kr. 80.000.-
Þátttaka í Bikarkeppni	kr. 24.000.-
Innkoma af leikjum	kr. 28.000.-
Tekjur af leikskrá	kr. 15.000.-
Auglýsing á búningum	kr. 8.000.-
Sjónvarpstekjur	kr. 40.000.-
Skólamót	kr. 8.000.-
Styrkur í SÍ	kr. 55.000.-
Ýmsar tekjur	<u>kr. 50.000.-</u>
	<u>308.000.-</u>

GJÖLD

Launaðir starfsmenn	kr. 120.000.-
Rekstur skrifst. annar en laun	kr. 53.000.-
Ferðakostnaður	kr. 10.000.-
Menntunarmál, námskeið, útgáfustarfsemi	kr. 18.000.-
Vaxtagjöld	kr. 5.000.-
Landslið - unglingalandsl.	kr. 92.000.-
Styrkur til alþjóðlegs hraðmóts kv.	<u>kr. 10.000.-</u>
	<u>308.000.-</u>

11. Afgreiðsla tillagna:

1. Stefán Ingólfsson taldi að tillaga um þátttökugjöld í bikarkeppni yngri flokka væri of há og kom með tillögu um lækkun. Kristinn Guðnason kom þá með breytingartillögu við tillögu fjárhagsnefndar þess efnis að þátttökugjöld í bikarkeppni yngri flokka hækki ekki með vísitölu vörðu og þjónustu. Stefán dró þá sína tilögu til baka. Tillaga Kristins var síðan samþykkt, svo og tillaga fjárhagsnefndar.
2. Sigurður Valur Halldórsson kom með breytingartillögu við tillögu fjárhagsnefndar um skiptingu dómara- og dómarranefndar:

70% til dómara
20% til dómarranefndar
10% til dómaranámekeiða

Stefán Ingólfsson kom með tillögu um málamiðlun:

60% til dómara
20% til dómarranefndar
20% til dómaranámskeiða

var tillaga Stefáns samþykkt með 17 atkvæðum gegn 4. Tillaga fjárhagsnefndar var síðan samþykkt með áorðnum breytingum.

3. Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.

Þessir tóku auk áðurnefndra til máls um tillögur fjárhagsnefndar. Agnar Friðriksson, taldi að íslenskir dómrarar þyrftu að fá meiri möguleika á að fylgjast með túlkun reglna erlendis. Vildi hann að fenginn yrði erlendur dómari til landsins í upphafi keppnistímabils til námskeiðahalds og dómistarfa.

Hörður Tulinus taldi að menn ættu að athuga með auglýsingar á dómara og taldi sig geta komið fyrir stórrí auglýsingu framan á sjálfum sér. Einar Bollason lýsti ánægju með litlar hækkanir gjalda.

Laga og leikreglnanefnd.

Kristinn Magnússon gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Nefndin gerði tillögur um smávægilegar breytingar á nokkrum tillögum og voru þær allar samþykktar. Tillögur þær sem lágu fyrir voru allar samþykktar með áorðnum breytingum og hljóða svo:

Lög Körfuknattleikssambands Íslands

9. gr.

Stjórn KKÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn KKÍ skipa 5 menn. Formaður skal kosinn til eins árs í senn. Á hverju ári skal kjósa two stjórnarmenn til tveggja ára. Kjósa skal two varamenn til eins árs í senn og taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð sem þeir eru kjörnir. Til að ná kjöri sem formaður, þarf meiri-hluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu, skal kjósa á ný bundinni kosningu um þá two menn sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum.

Við kjör annarra stjórnarmanna og varamanna gildir sú regla að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir.

Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í þessum lögum.

Stjórn KKÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk m.a. framkvæmdastjóra og skal stjórnin setja honum erindisbréf.

Reikningsár KKÍ er frá 1. maí til 30. apríl.

Aðsetur stjórnar er í Reykjavík.

Ákvæði til braðabirgða:

Á 21. ársþingi KKÍ 1981 skal kjósa two stjórnarmenn til eins árs og two til tveggja ára.

Reglugerð um körfuknattleiksmót

11. gr.

Málsgreinin "Meistaramót Íslands skal haldið á tímabilinu 15. október til 15. apríl" breytist og verði þannig:

..."Meistaramót Íslands skal haldið á tímabilinu 1. október til 15. apríl"

Formaður KKRR sem sat í nefndinni gerði þann fyrirvara á samþykki sínu, vegna Reykjavíkurmóts, að áframhaldanði góð samvinna verði milli ráðsins og KKÍ um niðurröðun leikja.

Reglugerð fyrir mótanefnd

1. gr.

Stjórn KKÍ skipar þrjá menn í mótanefnd. Formann nefndarinnar skal skipa sérstaklega. Allsherjarnefnd er heimilt að tilnefna annan eða báða hinna nefndarmannanna.

Reglugerð um körfuknattleiksmót

7. gr.

....b) karlar

1. aldursflokkur 20 ára og eldri
2. " 18 og 19 ára
- o.s.frv.

verði svo:

b) karlar

- öldungadeild 36 ára og eldri
1. aldursflokkur 20 ára og eldri
 2. " 18 og 19 ára
- o.s.frv.

8. gr.

Leikmaður má aldrei leika með yngri aldursflokki en honum ber. Heimilt er þremur leikmönnum yngri aldursflokks að leika hverju sinni með öllum aldursflokkum fyrir ofan sinn eigin.

verði svo:

Leikmaður má aldrei leika með yngri aldursflokki en honum ber. Þó er leikmönnum í öldungadeild heimilt að leika með 1. aldursflokki karla.

Heimilt er þremur leikmönnum yngri aldursflokks að leika hverju sinni með öllum aldursflokkum fyrir ofan sinn eigin, nema öldungaflokki, þar gilda undantekningarlaust ákvæði 7.gr. reglugerðar þessarar.

Talsmaður nefndarinnar benti á að inn í fjörlritaða útgáfu reglugerðarinnar vantaði kafla í 7. grein um leiktíma o.fl. fyrir kvennaflokkum.

21. Körfuknattleiksþing, haldið 1. og 2. maí 1981, samþykkir að kjósa two menn til að gera tillögur um fyrirkomulag firma-keppni KKÍ.

Nefndin skili tillögum til stjórnar KKÍ fyrir 15. september nk.

Reglugerð um skólamót KKÍ

Réttur til þáttöku

1. gr. Skólamót KKÍ skiptast í tvær keppnir:

Grunnskólamót KKÍ

Framhaldsskólamót KKÍ.

2. gr. Rétt til að senda lið til þáttöku í Grunnskólamóti KKÍ eiga allir skólar á grunnskólastigi.

Rétt til að senda lið til þáttöku í Framhaldsskólamóti KKÍ eiga allir skólar á framhaldsskólastigi og sérskólar.

Um Háskóla Íslands gilda þó þær sérreglur að einstökum deildum innan hans er heimilt að senda flokka til keppni, en skólinn í heild hefur ekki þáttökurétt.

3. gr. Gjaldgengir til þáttöku eru allir skráðir nemendur í viðkomandi skóla þann vetur sem keppnin fer fram.

Enginn leikmaður má keppa með fleiri en einu liði í sama aldursflokk eða fyrir fleiri en einn skóla sama keppnistímabil.

Aldursflokka skipting

4. gr. Í Framhaldsskólakeppni er leikið í karlaflokk og kvennaflokk.

Í Grunnskólamótinu er keppt í þessum flokkum:

- Stúlknaflokk 12 - 15 ára
- Yngri flokk drengja 5. aldursflokk karla 12 - 13 ára
- Eldri flokk drengja 4. aldursflokk karla 14 - 15 ára.

Fjöldi þáttökuliða

5. gr. Hverjum skóla er heimilt að senda eins mörg lið til keppni í hverjum aldursflokk og hann óskar. Þegar tvö lið eða fleiri eru skráð til þáttöku skal auðkenna þau með bókstöfunum A,B,C o.s.frv.

Páttökugjöld

6. gr. Stjórn KKÍ ákveður þáttökugjald. Hver skóli greiðir eitt gjald án tillits til fjölda liða.

Framkvæmd keppninnar

7. gr. Stjórn KKÍ ákveður fyrirkomulag keppninnar hverju sinni. Ef 7 lið eða fleiri tilkynna þáttöku í einhverjum flokki skal leikið í riðlum. Sigurvegarar í riðlum leika síðan til úrslita. Við niður-röðun í riðla skal taka tillit til óska þáttökuliða, verði því við komið. Riðlaskipting skal fylgja landshlutum eftir því sem við verður komið.
8. gr. Stjórn KKÍ ákveður fyrirkomulag úrslitakeppninnar og annast framkvæmd hennar eða fær sérstakan aðila til að annast hana.

Leikreglur

9. gr. Í Framhaldsskólamóti skal leikið eftir venjulegum leikreglum meistaraflokks.
- Í Grunnskólamótinu er leikið eftir sérstökum leikreglum í riðlakeppni. Þessar reglur gefur stjórn KKÍ út.
- Í úrslitakeppni er leikið eftir venjulegum leikreglum.
- Leiktími stúlknaflokk miðast við 3. flokk kvenna.
- Leiktími drengjaflokka miðast við 4. og 5. flokk karla.

Páttökutilkynningar

10. gr. Þáttöku í skólamótum KKÍ skal tilkynna eigi síðar en 20. október. Stjórn KKÍ skal auglysa eftir þáttökutilkynningum með góðum fyrirvara.
- Öllum þáttökuliðum síðasta keppnistímabils skal tilkynnt bréflega um nýtt mótt.
11. gr. Með þáttökutilkynningu skal hver skóli senda nafn sérstaks samstarfsmanns sem annast samskipti við KKÍ.

Verðlaun

12. gr. Keppt er um Íslandsmeistararatitil í öllum flokkum. Sigurvegarar fá farandbikar til værðveislu næsta ár.

Bikar vinnst til eignar ef sami skóli vinnur hann prisvar í röð eða fimm sinnum alls.

Veitt eru gullverðlaun og silfurverðlaun, 13 peningar hvoru liði.

13. gr. Um þau atriði, sem ekki koma fram í reglugerð þessari gilda ákvæði Reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Einar Bollason gerði að umræðuefni túlkun 3. gr. Reglugerðar um skólamót KKÍ. Það var samdóma álit allra, sem um málið ræddu, að nemandi missi ekki rétt til að leika með skólaliði, þó hann ljúki námi t.d. á miðjum vetri, en hann geti ekki leikið með nema einu liði.

Kosnir voru eftirtaldir menn til þess að gera tillögur um fyrirkomulag firmakeppni KKÍ:

Björn Eysteinsson, Ingvar Viktorsson og til vara
Gestur Hjaltason og Hjörtur Hansson.

Önnur mál

Samþykkt var að taka fyrir tillögu um landsliðsstjórnanda, en því var síðan vísað til stjórnar KKÍ til frekari ákvörðunar.

Framsögunaður, Stein Sveinsson, benti á að nauðsyn er að halda áfram starfi með landslið, þetta sé það mikið starf að það sé ekki hægt að rækja með annarri vinnu, því sé gerð tillaga um hlutastarf.

Porsteinn Hallgrímsson benti á kostnað við þetta. Hann taldi unglingsstarfið ekki nógum markvisst.

Einar Bollason sagði að þessi tillaga væri sett fram til þess að skapa raunhæfan starfsgrundvöll fyrir landsliðsnefnd.

Stefán Ingólfsson mælti gegn tillöggunni á þeim forsendum að landsliðsstjórnandi færi of mikið inn á starfssvið yfir-stjórnar KKÍ og jafnframt gagnrýndi hann hvernig tillagan kæmi fyrir þingið. Stefán taldi þó hugsunina bak við tillöguna góða.

Fundarstjóri tók nú til þess ráðs að fresta afgreiðslu tillögunnar og láta deiluaðila reyna að ná samkomulagi annars staðar á meðan önnur þingstörf gætu haldið áfram.

Samþykkt var að taka fyrir tillögu um reglugerð fyrir landsliðsnefnd.

Svohljóðandi tillaga var samþykkt:

Reglugerð fyrir landsliðsnefnd

1. Landsliðsnefnd skipa 4-6 menn. Þeir eru skipaðir af stjórn KKÍ.
Landsliðsnefnd ræður landsliðspjálfara í samráði við stjórn KKÍ.
2. Landsliðsnefnd og landsliðspjálfari annast val allra landsliða og skal í samráði við stjórn KKÍ semja við önnur lönd um landsleiki, svo og þátttöku í mótmum.
3. Stjórn KKÍ skal tryggja landsliðsnefnd ákveðna upphæð til starfsemi nefndarinnar.
4. Stjórn KKÍ skal setja nefndinni erindsbréf, þar sem ákveðið er fyrirkomulag þeirra mála er ekki eru ákveðin í lögum og reglugerðum KKÍ.

Hörður Tuliníus gerði að umræðuefnni ummæli, sem höfð voru á þinginu um skort á dómurum og sagði að hann hefði ekki dæmt eins marga leiki og hann hefði viljað.

Garðar Kristjánsson las bréf undirritað af leikmönum liðs Flensborgarskóla, svo og tímaverði í leik Flensborgar og Tæknißkólans. Bréfið er um atvik sem átti sér stað í leik áðurnefndra skóla og kært var til aganefndar, en vísað frá vegna formgalla.

Samþykkt var að taka til meðferðar tillögu frá Þorsteini Hallgrímssyni.

Tillagan var svohljóðandi:

21. Kørfuknattleiksþing haldið 1. og 2. maí 1981 samþykkir að fela stjórn KKÍ að skipa, fyrir 1. júlí, 3ja manna nefnd til þess að kanna möguleika á samræmdu starfi/námskeiði er innihaldi þjálfunarnámskeið, dómaranámskeið og æfingar unglings.

Nefndin skal kanna fjárhagsgrundvöll, stað, tíma, fyrirkomulag o.fl. er þurfa þykir.

Nefndin skal skila tillögum til stjórnar KKÍ fyrir 1. des. 1981.

Tillagan var samþykkt.

Guðni Ölvesson greindi frá því að Ingi Gunnarsson væri fimm tugur þennan dag. Samþykkt var með lófaklappi að senda svohljóðandi skeyti:

Við seedum þér hugheilar heillaóskir á 50 ára afmæli þínu. Bjarta framtíð.

21.þing KKÍ.

Nú var tekin fyrir aftur tillaga um landsliðsstjórnanda. Steinn Sveinsson dró fyrri tillögu til baka en lagði fram eftirfanandi tillögu sem var samþykkt samhljóða:

21. Körfuknattleiksþing samþykkir að beina þeim tilmælum til stjórnar KKÍ að hún kanni sérstaklega möguleika á því að stofnað verði til sérstaks starfssviðs launaðs starfsmanns sem falið verði að vinna að eftirfarandi málum í umboði stjórnar og nefnda sambandsins.

- Stjórn og umsjón með þjálfun allra landsliða í körfuknattleik
- Umsjón með notkun kennsluefnis KKÍ og námskeiðahald.
- Annað það er ástæða þykir til að mati þeirra aðila sem um fjalla
- Upplýsingasöfnun sem þessum málum tengjast.

Helgi Bjarnason mælti fyrir tillögum kjörnefndar.

Nefndin lagði til að eftirtaldir skipuðu dómstól KKÍ.

Ingi Gunnarsson 1 ár

Gísli Gíslason 2 ár

Helgi Ágústsson 3 ár

Til vara:

Jón Jörundsson 1 ár

Sigurður Jónsson 2 ár

Sigurður Þórarinss. 3 ár

Aganefnd: Guðmundur Árnason 1 ár

Jón Eysteinsson 2 ár

Einar Matthíasson 3 ár

Til vara: Hrafn G. Johnsen 1 ár

Útlendinganefnd: Bogi Þorsteinsson
Halldór Halldórsson
Rúnar Brynjólfsson

Helgi beindi þeim tilmælum til stjórnar að kjörnefnd
yrði skipuð fyrr.

Nefndin gerði eftirfarandi tillögu um skipun stjórnar KKÍ.

Formaður: Kristján Albertsson
Til tveggja ára: Kolbrún Jónsdóttir, Gunnar Valgeirsson
Til eins árs: Kristinn Guðnason, Guðni Ölvesson
Varastjórn: Þórdís Kristjánsd., Kolbeinn Pálsson

EKKI komu fram fleiri uppástundur og var þessi því rétt
kjörin.

Nefndin gerði tillögu um að þessir yrðu endurskoðendur KKÍ.

Hólmsteinn Sigurðsson
Gunnar Gunnarsson

Var það samþykkt.

Helgi Ágústsson þakkaði fráfarandi formanni vel unnin störf
og lét í ljós þá von að störfum hans fyrir KKÍ væri ekki lokið,
einnig lét hann í ljós ánægju með val á nýjum formanni.
Kristbjörn Albertsson þakkaði fráfarandi stjórn vel unnin
störf og Stefáni samstarfið og þakkaði traust þingsins.

Hörður Tulinius lýsti þakklæti sínu og norðanmanna með störf
Stefáns og lýsti ánægju með kjör Kristbjörns. Jafnframt
taldi hann það illa ráðið að höggva slikt skarð í röð dómara,
en sagði jafnframt að Kristbjörn þyrfti ekki að hætta að
dæma.

Hermann Guðmundsson þakkaði Stefáni vel unnin störf og
vonaðist til að störfum hans fyrir KKÍ væri ekki lokið.
Sleit hann síðan þinginu.



